

STARFSLEYFI

Fiskmark ehf.

Heitloftspurrkun og pökkun fiskafurða

Hafnarskeiði 21, fastanr. F2212328

815 Þorlákshöfn

kt. 440294 2359

Nafn og kt. rekstraraðila: **Fiskmark ehf., kt. 440294 2359**

Heimilisfang: **Hafnarskeiði 21, 815 Þorlákshöfn**

Útgáfudagur: 10. október 2018

Gildir til: 30. júní 2019

Starfsleyfi þetta er gefið út skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br., laga nr. 93/1995 um matvæli m.s.br., þegar um matvæli er að ræða og efnalaga nr. 61/2013 eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum skv. þeim sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfis skilyrðum:

**Fyrir Fiskmark ehf.
dags. 10. október 2018**

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi, nema að nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn. Ef fyrirtækið hættir rekstri skal það tilkynna með formlegum hætti til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og fellur starfsleyfið þá úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfis skilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið skal hanga uppi á áberandi stað.


Heimilt er að endurskoða starfsleyfið áður en gildistími þess er liðinn ef breytingar verða á starfsemi eða staðsetningu að mati útgefanda.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld skv. gildandi gjaldskrá.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Austurvegi 65, 800 Selfoss kt. 480284 0549 Sími 480 8250

Selfossi, 10. október 2018



Sigrún Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri



STARFSLEYFISSKILYRÐI

Fiskmark ehf.

v/fiskþurrkunar Hafnarskeiði 21 815 Þorlákshöfn

kt. 440294-2359

1. ALMENN ÁKVÆÐI, MARKMIÐ OG GILDISSVIÐ

- 1.1 Starfsleyfisskilyrði þessi eru gefin út af Heilbrigðiseftirlit Suðurlands í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við Aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfuss 2015-2022 með síðari breytingum og með þeim fyrirvara sem bæjarstjórn hefur sett varðandi flutning á lyktarmengandi starfsemi út úr þéttbýlinu. Vísað er í 2. mgr. 1. kafla greinargerðar *Breytingar á Aðalskipulagi Ölfuss 2015-2022* dags. 19. maí 2016 þar sem segir m.a.:

Nú vinnur bæjarstjórn að því með atvinnurekendum að flytja mengandi starfsemi út fyrir þéttbýlið, til að draga úr eða koma í veg fyrir lyktarmengun.

Komi til þess að samningar náist við Sveitarfélagið Ölfus um tilfærslu starfsemi úr þéttbýli í dreifbýli er heilbrigðisnefnd heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn.

Eintak af starfsleyfi og starfsleyfisskilyrðum skal ávallt vera tiltækt á vinnustað.

- 1.2 Starfsleyfishafi ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis síns og er skylt að fara eftir lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda og eftir því sem nánar er fyrirbúið í starfsleyfisskilyrðum þessum.
- 1.3 Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur eftirlit með ofangreindri starfsemi starfsleyfishafa samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.
- 1.4 Markmið starfsleyfisskilyrða þessara er að koma í veg fyrir mengun og stuðla að hollustu og hreinu umhverfi.
- 1.5 Starfsleyfisskilyrði þessi gilda fyrir heitloftspurrkun fiskafurða og pökkun þeirra á ofangreindri starfsstöð fyrirtækisins.

Leyfilegt er að framleiða úr allt að 10 tonnum af hráefni á sólarhring eða 50 tonnum á viku.